

## AUGLÝSING

### um ökutækjatryggingar.

#### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.170 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 202 millj. kr. vegna tjóns á munum.

#### 2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1. - 3. mgr. 92. gr. skuli vera 88 millj. kr.

#### 3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. másl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækja-tryggingar, nr. 556 29. desember 1993, sbr. reglugerð nr. 309/1999, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 101.000 kr. fyrir einstakling og 217.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 36.000 kr.

#### 4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.  
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 256 10. apríl 2000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. mars 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Ólafur W. Stefánsson.*